

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Stella Rúnarsdóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 23. september 2021
UST202109-112/A.Þ.
10.04.03

Efni: Tillaga – Deiliskipulag – útivistarsvæði – Borg í Grímsnesi

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. er barst 13. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir útivistarsvæði norðan við Borg í Grímsnesi í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í greinargerð kemur fram tillagan nær til 19 ha svæðis þar sem markmiðið er að skapa skjólgott útivistarsvæði með áherslu á óskert náttúrusvæði á stærstum hluta þess. Svæðið er að mestu óraskað forsögulegt hraun sem fellur undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Á svæðinu eru einnig gjall- og klepragígar sem njóta sérstakrar verndar og nefnast Borgarhólar. Tillagan gengur út á uppbyggingu göngustíga, þriggja áningastaða auk aðstöðuhúss við mörk svæðisins og íbúðabyggðarinnar. Tekið verður tillit til hraunsins og Borgarhóla og leitast við að lágmarka rask og að varðveita heillegar hraunmyndanir. Tekið er fram að skylt sé að afla framkvæmdaleyfis vegna framkvæmda sem hafa í för með sér rask á hrauni eða gígum sem njóta sérstakrar verndar.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Axel Benediktsson
sérfræðingur